

72. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 28. maí 2018

Mættir eru: Halldóra Konráðsdóttir, Jón Einar Jóhannsson, Vigfús Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir og undirritaður.

1. Hverfisnefnd hyggst blása lífi í nefndina en hún hefur að mestu legið í dvala sl. mánuði hvað varðar formleg fundahöld. Stefnt að fjölgun félaga og því að finna sérlega „flaggara“ ein eða tvo sem tækju það að sér að flagga á Eiðsvelli á lögbundnum fánadögum og önnur tækifæri. Nefnd hyggst halda sambandi sín á milli svo sem verið hefur gegn um samfélagsmiðla (Facebook) og tölvupósta og blása til Aðalfundar á komandi hausti. Möguleiki að standa fyrir einhvers konar viðburði á Eiðsvelli á Akureyrarvöku.
2. Vöruafgreiðsla hjá Hagkaup veldur íbúum efst við Norðurgötu ónæði og hættu. Mikil umferð flutningabíla og það skapar mikla hættu þegar þeir bakka til baka. Hagkaup hefur að vísu sett einstefnureglu til austurs og út á planið þegar bílar snúa við.
3. Rætt var um framtíðarskipulag á Hvannavallareit. Meðlimir nefndar vilja sjá blandaða byggð rísa þarna. Er Krónuverslun enn á skipulagi þarna? Lýst yfir áhyggjum af umferðarmálum þarna, því nú þegar myndast oft örtröð og teppa á horni Hvannavalla og Tryggvabrautar og ekki mun draga úr því ef þarna kemur stórverslun.
4. Nefnd lýsir yfir ánægju með fyrirkomulag snjómoksturs sl. vetur, og telur götuhreinsun í sl. viku mjög þarft og stórkostlegt framtak.
5. Hverfisnefnd spyr hvort enn sé verið að úthluta framkvæmdafé líkt og sl. ár eða hver staða sé á ónotaðri „inneign“ ef einhver er ?

Á kaffihúsinu Símsstöðinni, Hafnarstræti 102,
28.maí 2018

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.